

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 21. ágúst 2020

Fjórði fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn í húsakynnum félagsins föstudaginn 21. ágúst klukkan 14:30. Fundinn sátu Óskar Þór Kristjánsson, Júlíus Freyr Theódórsson, Pétur Gauti Valgeirsson og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð. Vilborg Anna Björnsdóttir var fjarstödd.

1. **Síðasta fundargerð.** Samþykkt.
2. **Trúnaðarráðsfundur.** Stefnt á að halda hann 8. september. Á undan honum verður haldinn stjórnarfundur með aðal- og varamönnum.
3. **Húsnæðismál.** Félagið missir húsnæðið um áramótin. Verið að skoða tvo kosti.
4. **Útleiga á skrifstofurými.** Eirberg vill leigja skrifstofu til áramóta. Sparar félaginu fé, verður athugað og fundur verður með viðkomandi starfsmanni á næstunni.
5. **EHÍ og endurmenntun lsm - framhald fyrirlestra frá því í vor.** Já, fræðslunefnd og Endurmenntun móta þetta saman. Fjárheimild fyrir tveimur fyrirlestrum í viðbót.
6. **Sjúkrasjóður** – halda fund, aukaðalfund, og breytingar á reglugerð hans. Fara yfir reglugerðina og skipa nýja stjórn.
7. **Fastanefndir.** Ljúka skipan þeirra fyrir næsta á næsta stjórnarfund.
8. **Hækkað starfshlutfall starfsmanns.** Óskar er að fara yfir fjárhagsstöðuna og þetta verður ákveðið í framhaldi af því ef fjárhagur leyfir. Jákvætt en þarf að kanna betur.
9. **Útlit á vinnumarkaði - aðgerðir?** Láta betur vita af sér. Kalla saman ritnefnd.
10. **Svara fyrir félagið vegna SAF.** PG gerir það.
11. **Orlofsmál og hús og eða hótél?** Júlíus setur sig í samband við aðila sem kom með þá hugmynd og gerir grein fyrir stöðu mála á næsta fundi.

Fundi slitið klukkan 15:50.